



Fréttatilkynning
frá
skrifstofu forseta Íslands

EMÍRINN AF KATAR OG FRAMKVÆMDASTJÓRI ARABABANDALAGSINS KOMA TIL ÍSLANDS

Forseti Íslands Ólafur Ragnar Grímsson átti í gær, þriðjudaginn 20. maí, fundi í Doha höfuðborg Katars með hans hátign emírnum af Katar, Sheikh Hamad Bin Khalifa Al Thani og Amr Moussa framkvæmdastjóra Arababandalagsins. Á fundunum var rætt um að þeir komi báðir til Íslands á næstu mánuðum.

Katar hefur á undanförunum árum orðið öflugur þátttakandi í fjármálakerfi heimsins og nýtt afraksturinn af náttúruauðlindum landsins m.a. til að taka þátt í atvinnurekstri víða á Vesturlöndum. Fjárfestingarsjóður Katars hefur þannig beitt sér undanfarið til að styrkja stöðugleika í fjármálakerfi veraldarinnar.

Á fundi forseta Íslands með emírnum af Katar var rætt um að kanna á næstunni möguleika á samstarfi Íslands og Katars á ýmsum sviðum en grundvöllur að slíkum viðræðum var lagður í opinberri heimsókn forseta Íslands til Katars í janúar síðastliðnum. Í samræðum forsetans og emírsins í gær var einkum rætt um samvinnu á þremur sviðum.

Í fyrsta lagi á vettvangi fjármálaþjónustu og bankastarfsemi. Í öðru lagi í orkumálum, einkum við nýtingu hreinnar orku, m.a. með það fyrir augum að tvinnna saman nýtingu sólarorku, vindorku og jarðhita. Sendinefnd frá Katar skipuð sérfræðingum og stjórnendum á þessu sviði er væntanleg til Íslands á næstunni. Í þriðja lagi var rætt um samvinnu á sviði erfðafræði og læknávisinda. Ákveðið var að Rannsóknarstofnun

Katars myndi bjóða dr. Kára Stefánssyni forstjóra Íslenskrar erfðagreiningar að koma til Katars til frekari viðræðna. Rannsóknir í erfðafræði geta komið að miklu gagni í baráttunni við fjölmarga sjúkdóma sem algengir eru í Mið-Austurlöndum.

Emírinn af Katar tilkynnti einnig á fundinum að hann hefði þegið boð forseta Íslands Ólafs Ragnars Grímssonar um að koma í opinbera heimsókn til Íslands. Dagsetning hefur enn ekki verið ákveðin en heimsóknin verður að líkindum í júlí.

Fyrr um daginn átti forseti Íslands fund með framkvæmdastjóra Arababandalagsins Amr Moussa sem var í Doha vegna friðarviðræðna andstæðra fylkinga í Líbanon. Á fundi forseta með Amr Moussa var rætt um hlutverk smáríkja við lausn deilumála, framboð Íslands til Öryggisráðsins og væntanlega heimsókn Amr Moussa til Íslands. Moussa er einn helsti áhrifamaður í arabaheiminum, mikilsvirtur sáttasemjari og fyrrum utanríkisráðherra Egyptalands.

Í morgun var tilkynnt í Doha að náðst hefði sögulegt samkomulag milli deiluaðila í Líbanon, einkum fyrir milligöngu Amr Moussa og emírsins af Katar.

21. maí 2008

Nánari upplýsingar veita Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028), Árni Sigurjónsson skrifstofustjóri (820 4946) og skrifstofa forseta Íslands (540 4400).